

IV. KAFLI
Viðurlagaákvæði.
9. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum.

Gildistaka.
10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1994.

Fjármálaráðuneyti, 27. desember 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ
um viðauka við reglugerð um notkun erlendra ökutækja,
nr. 267 1. júlí 1993.

1. gr.

Viðauki I, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, orðist eins og greinir í viðauka við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 66. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Viðauki I

Ökutæki frá eftirtöldum ríkjum teljast hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu við komu til landsins, og þarf ekki að framvísa grænu korti því til staðfestingar, sbr. þó undantekningar í viðauka II.

Austurríki

Belgía

Danmörk (ásamt Færeyjum)

Finnland

Frakkland (ásamt Mónakó)

Grikkland

Holland

Írland

Ítalía (ásamt San Marínó og Páfagarði)

Lúxemborg

Noregur

Portúgal

Slóvakía

Spánn

Sviss (ásamt Liechtenstein)

Stóra-Bretland og Norður Írland (ásamt Ermasundseyjum, Mön og Gíbraltar)

Svíþjóð

Tékkland

Ungverjaland

Þýskaland

REGLUGERÐ**um lögmæltar ökutækjatrýggingar.****1. KAFLI****Viðurkenning og skráning á váttryggingarfélögum.****1. gr.**

Dómsmálaráðuneytið viðurkennir eða skráir váttryggingarfélag sem heimild hefur til þess að taka að sér lögmælt ábyrgðartryggingu vegna skráðra vélknúinna ökutækja. Viðurkenning eða skráning felur jafnframt í sér heimild til að annast lögmælt slysa-tryggingu ökumanns.

Tilkynningu um viðurkenningu eða skráningu váttryggingarfélags skal birta í Lög-birtingablaðinu.

2. gr.

Viðurkenningu eða skráningu sem váttryggingarfélag hefur fengið getur dóms-málaráðuneytið afturkallað. Skal sú ákvörðun birt í Lögbirtingablaðinu. Við afturköllun falla allar lögmæltar ábyrgðartryggingar og slysa-tryggingar félagsins úr gildi og skulu iðgjöld endurgreidd fyrir það sem eftir er af váttryggingartímabilinu.